

Fundargerð fræðsluráðs

169. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 2. mars 2016 kl. 15 haldinn í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Fundarritari: G. Kristín Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15:05. Málörvun og læsi til framtíðar, foreldrakönnun Leikskólapúlsins, næsti Grænfáni og lýðheilsa
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna mæta á fundinn.

Guðrún Lára fór yfir verkefnið Málörvun og læsi færni til framtíðar sem gengið hefur vel. Eflst hefur samstarf á milli heilsugæslu og leikskóla sem hefur skilað góðum árangri.

Búið er að ganga frá umsókn í Sprotasjóð til stuðnings áframhaldandi vinnu við verkefnið. Leggja á áherslu sérstaklega á tvítyngd börn og fræðslu til foreldra um málörvun barna. Hefur borist beiðni um að að kynna verkefnið fyrir námsstefnu sem heitir Af Litlum neista og mun Guðrún Lára fara fyrir hönd verkefnisins og annast þá kynningu. Námsstefnan er haldin á vegum Félags stjórnenda leikskóla og Rannung. Því næst greindi Guðrún Lára frá því að Leikskólapúlsinn verður með könnun sem gerð er annað hvert ár fyrir starfsfólk en á hverju ári fyrir foreldra barna. Guðrún Lára fór því næst yfir Grænfána verkefnið. Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir er umhverfisstjóri verkefnisins og hafa allir þættir verkefnisins fest sig vel í sessi og er vinnsla komin af stað um að sækja um áframhaldandi vinnu við verkefnið. Mun leikskólinn bæta lýðheilsu við þá þætti sem fyrir eru.

Hugmynd hefur komið upp á leikskólanum að hafa bíllausan dag til að vekja athygli á umhverfisvernd í Húnaþingi vestra og er þá hugsunin sú að sem flestir fari gangandi innan Hvammstanga.

Fjölgun hefur orðið á nemendum skólans og eru þá nemendur orðnir 49 og von á fleirum innan skamms. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn tímabundið Borghildur Heiðrún Haraldsdóttir.

Fræðsluráð fagnar því fjölbreytta starfi sem unnið er á leikskólanum og sérstaklega því að leikskólastjórinn hafi verið valinn til þess að kynna verkefnið Málörvun og læsi færni til framtíðar á námsstefnu í Reykjavík.

2. Önnur mál

Formaður kynnti samkvæmt samtali við skólastjóra Grunnskólans að búið er að kynna munnlega niðurstöður úr eineltiskönnun fyrir starfsfólki. Mun skólastjórinn mæta á næsta fund fræðsluráðs og gera grein fyrir niðurstöðunum.

Ekki fleira tekið fyrir
Fundi slitið kl. 15:56

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Ingibjörg Auðunsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson